

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/2021****2021/EES/78/02****frá 2. júní 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að viðmiðunargildum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 37. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er kveðið á um aðgang án mismununar að stöðustofnun og viðskiptum milli miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga, þ.m.t. aðgang að leyfum og upplýsingum sem varða viðmiðunargildi sem notuð eru til að ákvarða virði nokkurra fjármálagerninga vegna viðskipta eða stöðustofnunar. Þar eð til eru margvísleg viðmiðunargildi getur upplýsingaþörf miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga vegna stöðustofnunar og viðskipta verið mismunandi með tilliti til margvíslegra þátta, þ.m.t. viðkomandi fjármálagerningar sem viðskipti eru höfð með eða eru stöðustofnaðir og tegund viðmiðunargildanna sem fjármálagerningurinn vísar til. Því ættu miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar að fá heimild til að æskja aðgangs að hvaða upplýsingum sem er, að því tilskildu að þær séu nauðsynlegar vegna stöðustofnunar eða viðskipta.
- 2) Þar eð viðmiðunargildin eru ólík og notkun þeirra mismunandi er óhentugt að beita einhliða nálgun eða hafa mikið samræmi á efni leyfissamninga. Því gæti takmörkun á skilyrðum um heimild fyrir aðgangi samkvæmt fyrirfram ákveðnum og ítarlegum skilmálum haft skaðleg áhrif á alla aðila.
- 3) Aðili sem á eignarrétt að viðmiði ætti einungis að geta sett mismunandi skilyrði fyrir aðgangi ólíkra flokka miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga að viðmiði sínu þegar það er réttlætjanlegt á hlutlægan hátt, eins og með tilliti til magns, umfangs eða notkunarviðs, og þessu skal beita á hóflegan hátt. Gera ætti mismunandi flokka og forsendur sem skilgreina ólíka flokka miðlægra mótaðila aðgengilega öllum.
- 4) Aðferðin við að meta hvort viðmiðunargildi teljast ný eða ekki fer eftir hverju tilviki um sig. Aðilinn sem á eignarrétt að viðmiði ætti því að sýna fram á hvernig viðmið þetta er nýtt ef vísað er til þess sem ástæðu fyrir því að hafna tafarlausum aðgangi. Við hvert mat á fyrirhuguðu nýju viðmiðunargildi ætti að taka tillit til samsetningar margra þátta og viðeigandi vægis þeirra og ekki treysta á einstakan þátt til að meta hvort viðmiðunargildið samsvarar eða samsvarar ekki forsendunum sem tilgreindar eru í reglugerð (ESB) nr. 600/2014.
- 5) Samsetning eða aðferðafræði tveggja viðmiðunargilda getur verið ólík í grundvallaratriðum þótt mikil fylgni geti verið með gildum þeirra, einkum til skamms tíma. Því ætti að hafa til hliðsjónar fylgni og líkindi í samsetningu og aðferðafræði sérhvers viðmiðunargildis til langs tíma þegar lagt er mat á það hvort viðmiðunargildið er nýtt. Þegar misleitni viðmiðunargilda er höfð í huga, til viðbótar þáttum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, ætti aðili sem á eignarrétt að viðmiði einnig að taka tillit til viðbótarþátta, með tilliti til staðla sem eru í notkun, sem eru sértækir fyrir viðkomandi tegund viðmiðsins. Hvað varðar hrávöruviðmiðunargildi ætti að meta aðra þætti, þ.m.t. hvort viðeigandi viðmiðunargildi eru byggð á ólíkum undirliggjandi hrávörum og mismunandi afhendingarstöðum.
- 6) Nýjar raðir viðmiðunargilda, eins og skuldtryggingarviðmiðunargildi, eru gefnar út með reglulegu millibili. Í þeim tilvikum er nýlega útgefið viðmiðunargildi framhald á fyrri röðum og ætti því að teljast nýtt viðmiðunargildi.
- 7) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtfð. ESB L 313, 19.11.2016, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjtfð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

- 8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 9) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Upplýsingar sem gera skal tiltækar miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum

1. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði (e. *benchmark*) skal, samkvæmt beiðni, gera tiltækar miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum upplýsingar sem nauðsynlegar eru til stöðustofnunar og viðskiptastarfsemi þeirra, eftir því sem á við um viðkomandi tegund viðmiðs sem óskað er aðgangs að og um viðkomandi fjármálagerninga sem til stendur að eiga viðskipti með eða stöðustofna.
2. Miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur skal í beiðni sinni útskýra hvers vegna þessara upplýsinga sé þörf vegna stöðustofnunar eða viðskipta.
3. Viðkomandi viðskipta- og stöðustofnunarstarfsemi skal, að því er varðar 1. mgr., að minnsta kosti fela í sér eftirfarandi:
 - a) hjá viðskiptavettvangi:
 - i. upphaflegt mat á einkennum viðmiðsins,
 - ii. markaðssetningu viðkomandi afurðar,
 - iii. stuðning við verðmyndunarferlið fyrir samningana sem voru teknir eða verið er að taka til viðskipta,
 - iv. viðvarandi markaðseftirlitsstarfsemi,
 - b) hjá miðlægum mótaðila:
 - i. viðeigandi áhættustýringu viðkomandi opinna staðna í afleiðum sem viðskipti eru með á á viðskiptavettvangi, þ.m.t. skuldajöfnun,
 - ii. hlítningu við viðkomandi skuldbindingar sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾.
4. Viðkomandi verðupplýsingar og -gagnastreymi sem um getur í a-lið 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skulu að minnsta kosti innihalda:
 - a) streymi á gildunum í viðmiðinu,
 - b) tafarlausar tilkynningar um ónákvæmni í útreikningi á gildum viðmiðsins og uppfærð og leiðrétt gildi viðmiðsins,
 - c) söguleg gildi viðmiðsins ef aðilinn með eignarréttinn að viðmiðinu heldur utan um slíkar upplýsingar.
5. Að því er varðar samsetningu, aðferðafræði og verðlagningu skulu veittar upplýsingar gera miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum kleift að skilja hvernig hvert viðmiðunargildi er búið til og hvaða aðferðafræði er notuð er til að búa þau til. Á meðal viðkomandi upplýsinga um samsetningu, aðferðafræði og verðlagningu skulu að minnsta kosti vera:
 - a) skilgreiningar á öllum lykillugtökum sem notuð eru í tengslum við viðmiðið,
 - b) grunnforsendur þess að taka upp aðferðafræðina og verklag við endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- c) forsendur og verkferlar sem notuð eru við að ákvarða viðmiðunargildin, þ.m.t. lýsing á inntaksgögnum, forgangsörðun mismunandi tegunda inntaksgagna, notkun líkana eða aðferða við framreikning og aðferðir við endurstillingu á jafnvægi þeirra þátta sem viðmiðið samanstendur af,
- d) stjórnþæki og reglur sem gilda um beitingu ákvörðunarvalds eða matskenndar ákvarðanir til að tryggja samræmi í beitingu slíks ákvörðunarvalds eða matskenndra ákvarðana,
- e) verklagsreglur sem gilda um ákvörðun viðmiðunargilda á álagstímabilum eða tímabilum þegar gagnalindir kunna að vera ófullnægjandi, ónákvæmar eða óáreiðanlegar og mögulegar takmarkanir viðmiðsins á slíkum tímabilum,
- f) á hvaða tíma dags viðmiðunargildin eru reiknuð út,
- g) verklagsreglur sem gilda um aðferðafræði viðmiðsins við endurstillingu jafnvægis og vægi þeirra þátta sem viðmiðið samanstendur af í kjölfarið,
- h) verklag við að meðhöndla skekkjur í inntaksgögnum eða við ákvörðun viðmiðunargilda, þ.m.t. ef þörf er á að endurákvæða viðmiðunargildi,
- i) upplýsingar um tíðni innri úttekta og samþykkis á samsetningu og aðferðafræði og, þegar við á, upplýsingar um verklag og tíðni ytri úttekta á samsetningu og aðferðafræði.

2. gr.

Almenn skilyrði þess að leyfisbundnar upplýsingar séu veittar miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum

1. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði skal gera tiltækar allar viðkomandi upplýsingar sem um getur í 1. gr. sem miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar biðja um með leyfisveitingu (e. *licensing*) án ótillhlýðilegrar tafar, annaðhvort á einskíptisgrundvelli, þ.m.t. breytingar á áður veittum upplýsingum, eða á viðvarandi eða reglulegum grundvelli, allt eftir tegund viðkomandi upplýsinga.
2. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði skal láta öllum miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum í té allar viðkomandi upplýsingar sem um getur í 1. gr með leyfisveitingu með sömu tímamörkum og skilyrðum, nema unnt sé að réttlæta mismunandi skilyrði á hlutlægan hátt.
3. Kröfurnar í 1. og 2. mgr. gilda ekki ef, og svo lengi sem, aðili sem á eignarrétt að viðmiði getur sýnt fram á að ákveðnar upplýsingar séu aðgengilegar öllum eða, eftir öðrum viðskiptalegum leiðum, aðgengilegar miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum, séu slíkar upplýsingar áreiðanlegar og veittar í tæka tíð.

3. gr.

Aðgreining og bann við mismunun

1. Ef aðili sem á eignarrétt að viðmiði setur, í samræmi við 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, mismunandi skilyrði, að meðtöldum gjöldum og greiðsluskilmálum þeirra, skulu þau skilyrði gilda á sértækan hátt um hvern flokk leyfishafa.
2. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði skal kveða á um sömu réttindi og skyldur leyfishafa innan sama flokks.
3. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði skal gera forsendur skilgreininga mismunandi flokka leyfishafa aðgengilegar öllum.
4. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði skal, samkvæmt beiðni, veita miðlægum mótaðila eða viðskiptavettvangi upplýsingar án endurgjalds um þau skilyrði sem gilda um þann flokk sem viðkomandi miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur tilheyrir.
5. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði skal gera tiltækar öllum leyfishöfum innan sama flokks upplýsingar um allar viðbætur við eða breytingar á skilyrðum leyfissamninga sem gerðir eru við leyfishafa innan sama flokks og samkvæmt sömu skilyrðum.

4. gr.

Önnur skilyrði fyrir því að veita aðgang

1. Aðili sem á eignarrétt að viðmiði skal setja skilyrði fyrir leyfissamningum og gera þau aðgengileg miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum samkvæmt beiðni og án endurgjalds. Skilyrðin skulu taka til eftirfarandi:

- a) notkunarviðs og innihalds upplýsinga fyrir hverja notkun samkvæmt leyfissamningunum, þar sem trúnaðarupplýsingar eru tilgreindar á skýran hátt í hvert sinn,
- b) skilyrða endurdreifingar upplýsinga af hálfu miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga, sé hún heimil,
- c) tæknilegra krafna um veitingu þjónustunnar,
- d) gjalda og greiðsluskilyrða þeirra,
- e) við hvaða aðstæður samningurinn fellur úr gildi, með hliðsjón af líftíma fjármálagerninga sem miðast við viðmiðið,
- f) aðstæðna sem kalla á viðbúnað og viðeigandi ráðstafanir til að stýra áframhaldi, umbreytingartímabilum og truflun á þjónustunni á viðbúnaðartímabilinu, sem:
 - i. gera kleift að segja upp samningnum á skipulegan hátt,
 - ii. tryggja að ekki komi til uppsagnar vegna minniháttar samningsbrota og að viðkomandi aðili fái eðlilegan tíma til að bæta úr broti sem ekki gefur tilefni til tafarlausrar uppsagnar samnings,
- g) gildandi laga og úthlutunar ábyrgðar.

2. Í leyfissamningnum skal áskilið að miðlægir mótaðilar, viðskiptavettvangar og aðilar sem eiga eignarrétt að viðmiði komi á fót fullnægjandi stefnum, verklagi og kerfum til að tryggja eftirfarandi:

- a) framkvæmd þjónustu án ótilhlýðilegrar tafar samkvæmt fyrirframákveðinni áætlun,
- b) að haldið sé uppfærðum öllum upplýsingum sem aðilarnir veita á meðan aðgangsfyrirkomulagið er í gildi, þ.m.t. upplýsingum sem gætu haft áhrif á orðspor,
- c) samskiptaleið milli aðilanna sem gerir kleift að hafa tímanleg, áreiðanleg og traust samskipti á líftíma leyfissamningsins,
- d) samráð þegar líklegt er að breyting á starfsemi annars aðilans hafi veruleg áhrif á leyfissamninginn eða á áhættu sem hinn aðilinn er útsettur fyrir og tilkynningu með hæfilegum fyrirvara áður en breytingar á starfsemi annars hvors aðilans eru gerðar,
- e) veitingu upplýsinga og viðeigandi fyrirmæla um sendingu og notkun þeirra með þeim tæknilegu leiðum sem samþykktar hafa verið,
- f) veitingu uppfærðra upplýsinga til aðila sem eiga eignarrétt að viðmiði um endurdreifingu, ef heimil er, á upplýsingum til stöðustofnunaradila miðlægra mótaðila og aðila að eða þátttakenda á viðskiptavettvöngum,
- g) að lausn ágreinings og uppsögn samningsins fari fram á skipulegan hátt í samræmi við tilgreindar aðstæður.

5. gr.

Viðmiðunarþættir til leiðbeiningar um hvernig sýna megi fram á að um sé að ræða nýtt viðmið

1. Þegar ákvarðað er hvort nýtt viðmið fullnægi þeim forsendum sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal aðilinn sem á eignarrétt að viðmiðinu taka tillit til eftirfarandi þátta:

- a) hvort miðlægum mótaðila sé hvorki kleift að mótfæra stöður (e. *netting*) né að verulegu leyti jafna (e. *offset*) samninga sem grundvallast á nýrra viðmiðinu á móti samningum sem grundvallast á viðkomandi fyrra viðmiði,
- b) hvort þau landsvæði og atvinnugreinar sem viðkomandi viðmið taka til séu hvorki þau sömu né svipuð,

- c) hvort ekki sé mikil fylgni milli gilda viðkomandi viðmiða,
 - d) hvort samsetning viðkomandi viðmiða, með hliðsjón af fjölda þeirra þátta sem þau samanstanda af, hvaða slíka þætti er um að ræða, gilda þeirra og vægis, sé hvorki sú sama né svipuð,
 - e) hvort aðferðafræði hvers viðkomandi viðmiðs sé hvorki sú sama né svipuð.
2. Sé um að ræða hrávöruviðmið skulu eftirfarandi viðmiðunarþættir hafðir til hliðsjónar til viðbótar við þá sem tilgreindir eru í 1. mgr.:
- a) hvort viðkomandi viðmið grundvallist ekki á sömu undirliggjandi hrávörum,
 - b) hvort afhendingarstaðir undirliggjandi hrávara séu ekki þeir sömu.
3. Til viðbótar við þá viðmiðunarþætti sem tilgreindir eru í 1. og 2. mgr. skal aðili sem á eignarrétt að viðmiði taka tillit til fleiri viðmiðunarþátta sem notaðir eru með sértækum hætti fyrir þær tegundir viðmiða sem verið er að meta, eftir því sem við á.
4. Nýlega útgefin samsetningarútgáfa (e. *series*) viðmiðs telst ekki vera nýtt viðmið.

6. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi sem um getur í fjórðu málsgrein 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
